

112. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Dagsetning: 29.09.23

Tímasetning: 12:30

Staðsetning: Hlíðasmári 10, 201 Kópavogi

Mættir eru: Kristín Amy Dyer, Ásgeir Guðmundsson, Friðrik Ómarsson, Kristján Ingi Gunnarsson og í fjarveru Ólafs Björnssonar situr Sigurður Sigurbjörnsson.

Fundinn ritar: Kristín Amy Dyer

Fundaskrá

1. **Skrifað undir eyðublöð sem senda þarf til RSK.** Eyðublöðin sem voru undirrituð voru tilkynning um breytingu á stjórnarmeðlim, tilkynning um breytingu á nafni úr Markaðsstofu Kópavogs ses. yfir í Skóp atvinnu og nýsköpunarsetur ses. og breyting á prókúruhafa. Breyting á raunverulegum eigendum þarf að vera gert á síðu RSK en mínar síður félaga hjá RSK lá niðri á meðan fundinum stóð.

2. **Önnur mál.** Varpað var ljósi á fjárhagsstöðu félagsins sem virðist vera heldur strembin þrátt fyrir aukið fjármagn frá Kópavogsbæ árið 2023. Ákveðið var að fara í herferð til að innheimta ógreiddar kröfur og sækja fleiri þátttakendur í setrið.

Leigjendur í einu af skrifstofu rýmunum eiga 6 mánuði ógreidda og ákveðið var að gefa þeim svigrúm til að greiða frekar en að fara í hefðbundið innheimtuferli. Þeir hafa tæmt skrifstofurýmið og unnið verður að því að fá inn nýja leigjendur.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 13:30